



Aðalfundur 30.5.2013 að Snorrabraut 56, 16:30-18:00

Mætt : Logi, Lísa, Óskar, Baldur, Ólafur, Rakel og Pétur Orri.

Dagskrá

- Fundur settur
- Kosning fundarstjóra og fundarritara - Logi
- Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár - samþykkt
- Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar - samþykktir
- Lagabreytingar - engar
- Kosning í stjórn - Logi, Óskar, Lísa & Baldur
- Kosning á skoðunarmanni reikninga - Ólafur
- Ákvörðun félagsgjalda - óbreytt

DRÖG fyrir Visindaferðir starfsárið 2013-2014

- KICKOFF
 - Byrja árið á kynningu á starfinu, bjór og jafnvel Lightning talks, Open Space
- 11. SEP - Nova
- 16. Okt - Mentor
- 13. Nov - OR
- Jan - Skýrr
- Feb - Arion banki
- Mar - TM
- Apr - aðalfundur & ?

Aðrir punktar

- Tala við Clara - sjá hvort þeir vilja bjóða heim áður en þeir fara af landinu?
- Facebook gúppa "Agile á Íslandi" - stofna og byggja upp meira samfélag (Lísa)
- Tengiliðir - senda póst á alla og beina þeim á facebook grúppuna (þegar að starfið fer í gang og KICKOFF er tilbúið)
- Opna fyrir öllum, hætta að senda á tengiliði og beina öllum á FB grúppu eða póstlistann.
 - Breyta texta á heimasíðunni.
- Þarf að gera póstlistann augljósari á síðunni? Setja hann yfir í MailChimp?
- Spurning að hætta með Open space standalone og tengja þá öðrum viðburðum.
- Setja niður dagsetningar fyrir hádegisfundi
- Finna fyrirlesara á fjarfundi (auglýsa á facebook grúppu þegar komin í gagnið), stefnum á því að ná jafnvel 2 á starfsárinu.



Ársreikningur 2012

Rekstrarreikningur

	2012	2011
Tekjur Félagsgjöld 2012	370.000	507.000
Ógreidd félagsgjöld 2012	60.000	111.220
Vaxtatekjur	2.073	336
Samtals tekjur	432.073	618.556
Gjöld Viðburðir	283.739	88.470
Veitingar á fundi stjórnar	11.215	
Vefsíða	12.002	107.471
Bankþjónusta (innheimtuþjónustua o.fl.)	4.398	4.014
Ritföng og annar kostnaður	13.437	1.540
Fjármagnstekjuskattur	414	67
Samtals gjöld	325.205	201.562
Rekstramiðurstaða ársins (hagnaður)	106.868	416.994

Efnahagsreikningur

Eignir Innistæða á reikningi	657.251	602.653
Innistæða á innkaupakorti formanns	6.786	15.000
Innistæða á innkaupakorti gjaldkera	8.901	4.818
Ógreidd félagsgjöld 2012	60.000	
Eignir samtals	732.938	622.471
Skuldir Ógreiddar viðskiptakröfur	3.599	4.014
Skuldir samtals	3.599	4.014
Eigið fé Óráðstafað eigið fé frá 2011	622.471	201.463
Hagnaður ársins 2012	106.868	416.994
Eigið fé samtals	729.339	618.457
Skuldir og eigið fé samtals	732.938	622.471

Undirskrift gjaldkera

Undirskrift skoðunarmanns

Undirskrift formanns



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2012-2013

Ný stjórn tók við á aðalfundir í lok apríl 2011: Logi Helgu formaður, Lísa Jóhanna Ævarsdóttir kynningarfulltrúi og Óskar Ingvarsson gjaldkeri. Ritari var ekki kosinn á aðalfundi og hefur stjórnin séð um það.

Viðburðir voru 9 á starfsárinu:

3 þekkingarmiðlunafundir (open space), 8. maí 2012, 8. nóvember 2012 og 24. janúar 2013 voru haldnir og hefur mæting á þá dalað frá fyrri árum.

1 fjarfyrirlestur með Henrik Kniberg 7. júní 2012 sem heppnaðist mjög vel þrátt fyrir minniháttar tæknileg vandamál sem voru leyst.

2 vísindaferðir í Landsbankann 13. september 2012 og Hugsmiðjuna 20. mars 2013 voru báðar vel sóttar en því miður voru þær ekki fleiri á árinu og verður bætt úr því á næsta starfsári.

3 hádegisverðafundir í samstarfi við Dokkuna gengu allir mjög vel:

14. nóvember 2012 - Dagur í lífi Product Owner hjá Marorku

24. apríl 2013 - Þróunskipulagsheildar Betware í Agile umhverfi

23. maí 2013 - Geta hugbúnaðarteymi tileinkað sér nýjar og betri forritunaraðferðir á 10 vikum? *Reynsla Marel af því að fá J.B Rainsberger til sín í 10 vikur.*

Nýir félagar

Ný aðildarfélög gengu í félagið: Dokkan & RB sem við bjóðum velkomin í hópinn.

Logi Helgu, *formaður*

Óskar Ingvarsson, *gjaldkeri*

Lísa Jóhanna Ævarsdóttir, *kynningarfulltrúi*

Reykjavík

30.5.2013

Frekari upplýsingar um vísindaferðir ársins má sjá á vef félagsins á

<http://agilenetid.is/starfsemi/visindaferdir> og <https://www.facebook.com/agilenetid>

Fundargerðir allra stjórnarfunda má nálgast á <http://agilenetid.is/starfsemi/fundargerdir>